

Fyrsti fundur samgöngunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps haldinn í fundarhergbergi stjórnarsýsluhúsins á Borg, fimmtudaginn 23. september 2010.

Mættir:

Hannes Ingólfsson, Baldur Sigurjónsson, Ágúst Gunnarsson og Ingibjörg Harðardóttir.

1. Hlutverk samgöngunefndar

Ingibjörg fór yfir hlutverk samgöngunefndar.

2. Verkaskipting

Nefndin skipti með sér verkum.

Hannes G. Ingólfsson, skipaður formaður

Baldur Sigurjónsson, meðstjórnandi

Ágúst Gunnarsson, ritari

3. Vegstyrkir til frístundarbyggða

Nefndin fór yfir nokkrar umsóknir frá sumarhúsasvæðum í sveitarfélaginu og ákvað hún í framhaldinu að það þyrfti að útbúa umsóknareyðublað fyrir umsækjendur og til hagræðingar fyrir nefndina að vinna úr umsóknunum.

Ingibjörg fór yfir umsóknirnar með nefndinni og voru þau öll sammála um að grisja úr umsóknunum sökum þess að sum sumarhúsafélögin voru búin að fá styrk áður.

Fleira ekki gert en ákveðið að hittast á Litla-Hálsi fljótlega og afgreiða umsóknirnar.

Fundi slitið.